

## **Efni: Frá Ráðgjafahópi Umboðsmanns barna - Mikilvægi greiðs aðgengis barna og ungmenna að almenningssamgöngum**

*Ráðgjafahópur Umboðsmanns barna sendir hér með ákall um að hugað sé betur að almenningssamgöngum, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Staðan hefur farið versnandi með árunum og er nú orðin óásættanleg í svo mörgu tilliti. Við teljum tíma til kominn að stjórnvöld axli ábyrgð og hefji úrbætur sem allra fyrst.*

Þann 17. nóvember sl. var haldið Barnaþing á vegum Umboðsmanns barna í þriðja skiptið. Við í ráðgjafahópi Umboðsmanns barna tókum virkan þátt í skipulagningu og störfum á þinginu. Á hverju þingi hafa verið í kringum 200 börn sem öll eru valin með slembivali úr þjóðskrá og því situr þingið mjög ólíkur og fjölbreyttur hópur barna ár hvert. Öll þrjú árin hefur umræða þingsins að miklu leiti snúist um þörf á bættum almenningssamgöngum, jafnt á höfuðborgarsvæðinu sem og á landsbyggðinni. Börnin hafa sýnt fram á þörf, mikilvægi og eftirspurn eftir greiðara aðgengi að almenningssamgöngum og skilvirkari og betri þjónstu. Meðal þess sem stendur í skýrslu Barnaþings frá árinu 2022 er að „barnaþingmenn lögðu til að verð fyrir almenningssamgöngur verði lækkað eða þær gerðar gjaldfrjálssar og að allir strætisvagnar skuli ganga fyrir rafmagni“. Á Barnaþinginu 2023 sýndi það sig að vandamál tengd almenningssamgöngum hvíla enn þungt á börnunum og má í raun segja að fátt annað hafi komist að á þinginu. Þetta sýnir mikilvægi málaflokksins.

Dæmi eru um að börn geti ekki tekið þátt í íþróttum og tómstundastörfum vegna þess hve kostnaðarsamt og óaðgengilegt er að nýta sér strætisvagnakerfið. Það sama gildir um skólasókn enda er öll þessi ástundum barna niðurnjörfuð í tíma og rúmi. Þarna er enginn frjálss vinnutími. Ástæður þess að ekki er hægt að treysta á strætó eru m.a. þær að oft kemur hann ekki á tilsettum tíma og er í þokkabót stundum svo þétt setinn að ekki er pláss fyrir fleiri farþega. Í þeim tilfellum þarf að bíða eftir næsta vagni. Það þýðir nánast án undantekninga seint í kladdann eða jafnvel skróp. Árskort í strætó fyrir 12 – 17 ára kostar 46.500 kr. sem er sama gjald og fyrir nema, 18 ára og eldri. Séu börn á heimili fleiri, margfaldast þessi kostnaður auðvitað og þetta eru dýrmætar krónur fyrir mörg heimili. Mögulega væri hægt að réttlæta þennan kostnað ef þjónustan stæðist væntingar. Þjónusta sem bregst notendum síendurtekið við að komast frá A til B á tilsettum tíma er, að okkar mati, ekki 46.500 kr. virði. Þar að auki eru ferðir ekki nægilega tíðar og leiðakerfið ekki nógu víðfemt. Samræmi milli ferða er svo á köflum vægast sagt áhugavert. Að

endingu má nefna að ferðatími með strætó er oft miklu lengri en með einkabifreið.

Við teljum kröfu okkar um almenningssamgöngur sem virka, á verði sem er ásættanlegt alls ekki ósanngjarna og efumst um að vilji stjórnmalanna sé að ýta undir mismunun barna vegna heimilisaðstæðna. Við erum þess fullviss að það sé eindreginn vilji stjórnmalanna að bæta stöðuna í þessum efnun og minnka þörfina á einkabifreið og bílstjóra við hefbundnar athafnir barna. Svo getum við einnig horft til umhverfissjónarmiða og hversu miklu það myndi skila þjóðfélaginu að hér alist upp kynslóð sem lítur á almenningssamgöngur sem sjálfsagðan og eðlilegan hlut.

Við gerum okkur grein fyrir því að unnið er að gerð nýrrar borgarlínu en hvenær hún verður að fullu komin í gagnið er erfitt að áætla. Svo er engin trygging fyrir því að hún auðveldi samgöngur til ýmissa hverfa.

Eftirspurn eftir bættri þjónustu er það mikil að óafsakanlegt er að grípa ekki til aðgerða strax. Við erum orðin langþreytt á svörum á borð við þau sem við fengum á Barnaþinginu þar sem hver bendir á annan og enginn er tilbúinn að axla ábyrgð.

Það skiptir okkur engu máli hvort ábyrgðin sé sveitafélaganna, ríkisins eða Strætó. Við vitum staðreyndirnar sem eru óumflýjanlega þær að ríkið skammtar að stærstum hluta fjármagn það er sveitarfélögin hafa til umráða og hafi þau ekki nægt fjármagn til að bæta úr þessu virðist allt benda aftur til ríkisins. Þar virðist rót vandans liggja.

Dæmin um það hvernig almenningssamgöngum gæti verið betur háttað eru óteljandi. Ef við tökum nokkur dæmi um almenningssamgöngur þá er eini vagninn sem gengur um Seltjarnarnes vagn nr. 11. Hann gengur hins vegar ekki um allt Nesið. Nú rís ný byggð yst í bænum og þangað gengur enginn vagn. Göngutími þaðan og í næsta skóla er tæpur hálf tími. Skólalald yngri barna á Seltjarnarnesi hefst klukkan 8:10 sem segir okkur að barn þarf að leggja af stað gangandi í skólann eigi síðar en 7:40. Þá er enn kolniðamyrkur og því varla öruggt að senda þau yngstu gangandi af stað. Enginn strætó gengur svo frá Seltjarnarnesi út á Granda og Fiskislóð í Reykjavík en þangað sækja mörg börn af svæðinu hina ýmsu þjónustu. Þá er líka frábær þjónusta við Seltirninga og þar með börn sem búa þar að Borgarlínunni sé ekki ætlað að ná út á Nes!

Af öðru nesi, Álftanesinu, er það að fréttu að eini strætóinn sem gengur af Álftanesinu er vagn 23 sem gengur einungis á hálf tíma fresti. Ásinn gengur á 10 mínútna fresti sem er svo sem ásættanlegt yfir daginn en á háannatímum er það ekki nóg og klárt er að það er mikil eftirspurn eftir tíðari ferðum. Sé vagn 23 seinn, sem gerist ítrekað, þá nær maður í kjölfarið ekki ásnum og því er eina tryggingin fyrir því að mæta á réttum tíma að leggja hálf tíma fyrr af stað með vagni 23. Okkur finnst ekki ósanngarnt að gera þá kröfu að þær ferðir sem þó eru geti verið samstilltar.

Ásinn er meðal vinsælustu leiða strætó og virðast þessir vinsælu vagnar ávallt vera troðfullir á háanna tímum sem veldur enn frekara óhagræði, þar sem þá þarf að bíða eftir næsta vagni. Því má alveg færa rök fyrir því að þörf sé á tíðari ferðum þeirra vagna. Það er varla boðlegt fyrir börn á leið til skóla eða tólmstundastarfa að þurfa að bíða eftir næsta vagni með tilheyrandi fórnarkostnaði.

Barn sem þarf að komast frá Stykkishólmi til Reykjavíkur á Barnaþing á föstudegi getur einungis tekið strætó að heiman frá sér á mánudegi, miðvikudegi eða föstudegi og þá einn vagn til Borgarness og annan til Reykjavíkur. Ferðatíminn frá Stykkishólmi til Reykjavíkur er frá 7:45 til 10:48 sem eru þrjár klukkustundir. Þessi ferðatími jafngildir nánast hálfum skóladegi. Barnaþingmaður hefði því þurft að taka strætó til Reykjavíkur á miðvikudegi og vera í bænum fram á mánudag, með tilheyrandi kostnaði hefði þetta verið hans eini mögulegi ferðamáti. Þetta veldur því að barn missir mikið úr skóla sem ekki er ásættanlegt sé jafnræði haft að leiðarljósi. Þessi staða er ekki einsdæmi og Stykkishólmur og Barnaþing bara tekin sem dæmi. Staða barna í fleiri bæjarfélögum landsbyggðarinnar er ábyggilega sambærileg og mögulega oft verri. Er það ásættanlegt?

Nauðsynlegt er að umhverfis og samgöngunefnd Alþingis líti stöðuna alvarlegum augum og beiti sér í málinu. Vinna þarf að betra samstarfi ríkis og sveitarfélaga og teikna upp leið sem getur leyst vanda þennan. Við erum boðin og búin að mæta á fund nefndarinnar til að gera betur grein fyrir afstöðu okkar og hjálpa nefndinni að vinna að lausn sem virkar fyrir börn og ungmenni samfélagsins. Við viljum sjá breytingar koma til framkvæmda og að verkin fari að tala í stað endalausra orða og skrifa.